

Umhverfisstofnun
Áb. _____
22 maí 2017
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Skipulagsfulltrúi
Blönduósbær
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduósi

Reykjavík 15. maí 2017
UST201704-046/K.S.J.
10.04.03

Efni: Blönduós. Tillaga að deiliskipulagi Hnjúkabyggð


Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Blönduósbæjar er barst 5. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi Hnjúkabyggðar á Blönduósi.


Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að heildarstærð skipulagssvæðisins er 14 ha og afmarkast af Þingbraut að vestan, helgunarsvæði Norðurlandsvegur að austan, Blöndu að norðan. Einnig kemur fram að skipulagssvæðið er að miklu leyti óbyggt, en þar eru þó ýmsar stofnanir og eitt fjölbýlishús. Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er landnotkun á svæðinu að mestu skilgreind fyrir athafna- og þjónustulóðir. Einnig er á svæðinu svæði fyrir stofnanir, íbúðarsvæði og opið grænt svæði. Alls er gert ráð fyrir 22 nýjum lóðum fyrir athafna- og þjónustustarfsemi og einni lóð fyrir fjölsbýlishús. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda deiliskipulagstillögu. Á deiliskipulagssvæðinu svæðinu eru ekki svæði á náttúruminjaskrá og þar eru ekki svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllt


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur